

Umhverfismenntarfundur barna

7.10.2024

Mætt: Öll börn í rósahópi: Díana Sigurdís, Guðrún Agnes, Hekla, Ingibjörg Nína og Mikael Sesar. Eyrún skólastjóri og Diljá hópstjóri

Grænfáninn var settur á mitt borðið. Ræddum hvaða fáni þetta var. Þau þekktu að þetta væri grænfáninn. Við ræddum umhverfismennt og rifjuðum upp hvað við gerðum í leikskólanum í tengslum við umhverfismennt t.d. að:

- Velkomin skilti á ólíkum tungumálum
- Syngjum á ólíkum tungumálum
- Flokkum ruslið og förum með grenndargáma
- Notaðu ekki plastpoka. Erum með aukapoka í hólfunum okkar.

Ræddum svo í vetur ætlum við að búa til pappír og erum núna að spyrja mömmu og pabba hvort þau eigi eitthvað heim sem annars fer í ruslið. Við munum læra aðeins um hringrásarhagkerfið. Það er flókið orð. En þau skilja að ruslið fer á ruslahaugana en úlpa sem er orðin of lítil á þau, þau gefa hana yngra barni sem getur notað hana áfram.

Fundi slitið og börnin fóru í framhaldi að búa til haustmyndir úr laufum og öðru sem þau tíndu í nærumhverfinu.